

venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt til rikissjóðs. og komi 40 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Bruggunartæki kærðs og tunnur þær, er hann geymdi löginn í, ber að gera upptækt.

Kærði greiði allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn dráttur orðið.

Föstudaginn 29. marz 1935.

Nr. 17/1935. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Einari Aðalsteini Bæringssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 14. dez. 1934: Kærði, Einar Aðalsteinn Bæringsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til rikissjóðs og komi einfalt fangelsi í 50 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Tunna sú, er áfengislögunin fannst í, skal upptæk gerð, og andvirði hennar renna í rikissjóð.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur hins áfrýjaða dóms, þykir mega staðfesta hann, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Kærði kveðst engin bruggunartæki hafa átt, en kveðst hafa ætlað að útvega sér þau, þegar tími hefði verið til kominn að sjóða það, sem í tunnunni var.

Kærður játaði, að hafa ætlað að selja áfengi það, er hann hefði þannig fengið úr tunnunni ef hann hefði fengið tækifæri til að fullbrugga það.

Kærður neitar að hafa selt nokkuð úr tunnunni og þykir ekki ástæða til að rengja þann framburð hans, þar sem tunnan var full, er hún fannst, og lögur sá, er á henni var, var með litlu áfengismagni og auðsjáanlega nýbyrjaður að gerjast.

Kærður hefir tvisvar áður sætt refsingu fyrir áfengisbruggun. Þann 28. júní 1933 er hann í lögreglurétti Reykjavíkur dæmdur í 800 króna sekt og 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir áfengisbruggun.

Þann 1. maí 1934 er hann í sama rétti dæmdur í 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. áfengislaganna og 1. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 20 frá 1875.

Framangreint brot kærðs ber að heimfæra undir 6. gr. sbr. 30. gr. áfengisлага nr. 64 frá 1930 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin með tilliti til itrekunarinnar 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 50 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Tunna sú, er áfengislögunin var í, skal upptæk gerð.

Svo greiði kærður allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

